

Sammála!

Langar þig að æfa þig að tala íslensku eða hjálpa öðrum?

Í sammála geta börn af ólíkum uppruna hist, leikið og spjallað, lært af hvoru öðru og gert skemmtileg verkefni saman.

Öll börn sem taka þátt fá viðurkenningarskjal.

Vilt þú vera með?

Leiðbeiningar fyrir kennara

Sammála er mentoraprógramm sem tengir saman börn sem eru að læra íslensku við börn sem eru lengra komin.



Innihald

04

Bakgrunnur

Hvað er "Sammála" og af hverju?

08

Undirbúningur

Hvað þarf að undirbúa?

14

Skipulag

Hvernig er prógrammið uppbyggt?

18

Kennsluplan

Nánari skipulag hvernar kennslustundar?

24



Hvað er Sammála?



Sammála er 10 vikna nám þar sem börn sem eru að byrja að læra íslensku og börn sem eru komin lengra í íslensku hittast og læra hvert af öðru.

Í Sammála gera nemendur skemmtilegar æfingar og fara í leiki sem vekja áhuga á tungumálum og ólíkri menningu.

Sammála miðar að því að:

- Auka félagsleg tengsl fjöltyngdra barna við íslenskumælandi börn
- Hjálpa fjöltyngdum börnum að bæta íslenskukunnáttu sína
- Hjálpa fjöltyngdum börnum að finnast að þau tilheyra skólasamfélaginu
- Efla íslenskumælandi börn í að vera að vera góðir tungumálaleiðbeinendur fyrir börn sem eru að læra



Hverjir standa bakvið Sammála?


Við erum teymi á Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar sem leita leiða til að styðja betur við fjöltyngd börn í Reykjavík og fjölskyldur þeirra í samvinnu við Miðju máls og læsis (MML).

Í fyrsta hluta verkefnisins töluðum við við sérfræðinga, kennara og 50 foreldra fjöltyngdra barna frá 25 löndum til að skilja hvað myndi hjálpa börnum þeirra með íslenskuna.

Við heyrðum að:

- Mörg fjöltyngd börn eru lítið í íslensku málumhverfi utan skóla.
- Það er misjafnt hversu markvisst foreldrar reyna að auka það.
- Börnin vilja fyrst og fremst eignast vini og eru ekki að pæla í tungumálinu.
- Sumum foreldrum finnst sjálfum erfitt að tengjast íslensku samfélagi.

Út frá þessum samtölum komu 13 hugmyndir. Í samráði við foreldra og sérfræðinga voru þrjár hugmyndir valdar til að þróa áfram. Sammála er ein af þessum hugmyndum.



Bakvið Sammála standa:

Sigríður Guðjónsdóttir sigridur.gudjonsdottir@reykjavik.is

Fanny Sissoko fanny.sanne.Sissoko@reykjavik.is

Embla Vigfúsdóttir Embla.Vigfusdottir@reykjavik.is

Með stuðning frá kennurum í Breiðholti skóla, Vesturbæjarskóla, Borgaskóla og Langholtsskóla.

Verkefnið var þróað af teymi innan Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, í samstarfi við Miðju Máls og Læsis, með fjárstuðningi frá Bloomberg Philanthropies.



Áhrif

Sammála prógrammið hefur verið prófað í fjórum skólum í vor 2024 og hefur sýnt eftirfarandi áhrif. Af börnum sem tóku þátt:

- 90% vildu halda áfram
- 69% telja sig öruggari með íslenskuna
- 53% tala aukna íslensku utan kennslustofunnar
- 92% fannst að þau væru velkomin í Sammála vs 83% í skólann
- 69% hjálpa börnum sem eru að læra íslensku
- 90% lærðu eitthvað nýtt





Ferlið

Undirbúningur (4 vikur)




Finna
ábyrgðaðila
innan skóla

Hlaða niður og
prenta efnið

Þjóða
nemendum

Prógrammið fer að stað (10 vikur)



Málfarar
fá þjálfun

Málfarar
fagna



Prógrammið sem lýst er í þessu skjali er byggt á því sem var prófað og á endurgjöf frá nemendum og kennurum.

Skólum sem kjósa að innleiða Sammála er frjálst að laga efnið að sínum þörfum.

Tillaga okkar er að vera með 10 barna hóp á 10 vikum, en við mælum með því að ræða við Ísat kennara og umsjónakennara til að ákveða:

- lengd námsins
- fjölda kennara
- fjölda og aldur nemenda

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða viljið ráðleggingar um hvernig á að innleiða Sammála, hafðu samband við:

XXXXX



Undirbúningur



Finna ábyrgðaraðila

Best er ef verkefninu er stýrt af einum kennara, eða litlu kennarateymi.

Í flestum tilraunaskólum var verkefninu stýrt af einum ÍSAT kennara. Það gæti verið gagnlegt að hafa **einn aðalkennara (ÍSAT kennara) og einn til tvo stuðningskennara** sem geta aðstoðað ef nemendur með hegðunarerfiðleika eru í hópnum, eða til að halda náminu áfram ef kennari þarf að taka sér leyfi. Þessa ákvörðun ætti skólinn að taka á grundvelli þekkingar þeirra á nemendum sínum.

Áætlaður klukkustundafjöldi að meðtöldum undirbúningi og kennslu: 20 klst.


Það er mikilvægt að gæta þess að námið passi innan **kennsludagatalsins**, þannig að það sé ekki aukavinna, eða að kennarinn fái **ávinning** fyrir að taka að sér þetta verkefni.



Útbúa námsefni

Með prógramminu fylgja tillögur að stuðningsefni sem hjálpa við æfingarnar. Efnið má finna hér: [xxx](#)

Efnið hefur verið hannað þannig að auðvelt sé að prenta það í A4 og megnið af því má prenta í svarthvítu.



Þjóða börnunum

Við mælum með því að kennarinn **þjóði allt að 10 börnum** sem myndu njóta góðs af eða yrðu frábærir leiðbeinendur, ásamt því að **kynna** verkefnið fyrir öllum börnum skólans svo að öll fái tækifæri til að þjóða sig fram.

Það er mikilvægt fyrir árangur verkefnisins að þátttaka sé ekki skylda og að nemendur vilji taka þátt í Sammála. Til að finna þátttakendur mælum við með að:

- **Tala við umsjónakennara** til að komast að því hvaða börn eru líklegust til að njóta góðs af
- **Auglýsa og leyfa börnunum að sýna áhuga.** Við mælum með að fara í bekki og gefa 5 mínútna kynningu um verkefnið. Taka niður nöfn hjá áhugasömum börnum.
- **Miða við börn sem þurfa mesta hjálpað og börn sem geta hjálpað** Við mælum með að taka stutt spjall við börnin sem voru valin og útskýra af hverju þau eru talin vera góðir málfarar.



Hvað er málfari?


Málfarar eru börn sem taka þátt í Sammála verkefninu. Orðið er samblanda af orðunum geimfari og tungumál - þau eru að kanna tungumál saman.

- Þau hittast **einu sinni í viku** (10 vikur) og fara saman í leiki, spjalla og leysa skemmtileg verkefni.
- Þau **læra af hvort öðru** um menningu og tungumál.
- Þau læra að vera fyrirmyndir og hvernig er hægt að skapa jákvætt umhverfi í skólanum til að börn upplifi sig velkomin, sama hvaðan þau koma og hver staða þeirra er í íslensku.

Við mælum með að bjóða **10 börnum**: 5 sem eru sjaldan í íslensku málumhverfi, og 5 sem eru oft í íslensku málumhverfi. Hver skóli getur lagað þetta líkan að sínum þörfum. Tilraunaskólarnir hafa prófað mismunandi útgáfur, til dæmis:

- hafa aðeins börn sem hafa íslensku sem annað tungumál en á mismunandi stigum;
- hafa aðeins börn sem hafa náð góðu stigi í íslensku til að þjálfa þau sem aðstoðarmenn;
- hafa eldri börn til að hjálpa þeim yngri.

Geta öll verið málfarar?




Aldur: Sammála efnið hentar best nemendum sem eru á miðstigi (5 til 7. bekk) en hægt er að aðlaga efnið fyrir yngri og eldri börn.

Fjöldi: 10 nemendur er passlegt til að viðhalda góðri dínámík í hópnum, en það er fínt að hafa færri þátttakendur ef hóparnir hafa auknar þarfir.

Blandaður hópur: Það getur verið gott að hópa börn saman sem þekkjast ekki, eða þekkjast smá. Það er mikilvægt að forðast að hóp dínámík úr bekknum komi inn í Sammála. Þetta getur líka haft meiri áhrif á félagsleg tengsl.



Skipulag



Markmiðið með fyrstu kennslustund er að **kynna verkefnið** fyrir nemendum og tryggja að nemendur skilji hlutverk sitt sem málfari.

Hægt er að halda þessa kennslu með **öllum börnunum** saman eða hafa **tvo hópa**: einn með börnunum sem eru að læra íslensku og hinn með börnunum sem eru leiðbeinandi. Þessi ákvörðun fer eftir því hversu mikill stigsmunur er á milli tveggja barnahópa.

Eftir þennan tíma getur kennarinn ákveðið hvaða þör munu vinna saman í gegnum prógrammið.



Í kennslustundum 2 til 9 er ýmist lögð áhersla á **hópavinnu eða unnið í pörum**.

Hver hittingur er **40 mínútna** langur, hefur þema og fylgir svipuðum strúktúr. Við mælum með að hafa ákveðinn tíma í vikunni.

Við mælum með að hafa **fasta liði** sem hjálpa þátttakendum að upplifa öryggi og að vita hvað kemur næst. Til dæmis: loka hverjum hittingi með high-five hring eða með því að fá öll börn að deila einu orði sem þau hafa lært í tímanum.



Í síðustu kennslustund **fagna** þátttakendur með köku/djús og leikjum og fá viðurkenningu.

Hægt væri að deila hvað þau gerðu í Sammála með skólanum í heild, í bekknum sínum, jafnvel með sýningu.



Uppbygging hittinganna

10 mín



Ísbrjótur

Ísbrjótur er stuttur leikur eða samtal sem tengist þema vikunnar.

Tilgangurinn er að öll börnin fái að tjá sig, upplifi sig velkomin í rýminu og kynnist á skemmtilegan hátt.

Ráð: Að allir sitji eða standi í hring, þannig að þau sjái hvort annað og til að brjóta upp tilfinninguna um að þetta sé "venjuleg" kennslustund.

25 mín



Hópvinna

Sumar kennslustundir eru skipulagðar í kringum hópsamtöl eða leiki sem tengist þema vikunnar. Áherslan er á íslensku, að málfarar læri nýjan orðaforða eða fái að leika sér með tungumálið.

Tilgangurinn er að skapa hópmenningu meðal málfaranna. Börnin upplifa stundum minni pressu ef unnið er í hóp en í þörum, s.s. sum geta bara hlustað ef þau eiga erfitt með að tjá sig.

Ráð: Passa að öll geti tekið virkan þátt óháð stigi þeirra.



Vinna í þörum

Aðrar kennslustundir eru skipulagðar í kringum leiki eða föndur í þörunum.

Tilgangurinn er að gefa börnunum tækifæri til að kynnast betur og læra um tungumál og menningu hvors annars.

Ráð: Fylgist með dínamikinni á milli paranna - það gæti verið að breyta þurfi einhverjum þörum í gegnum programmið ef þau virka ekki vel saman.

5 mín



Lokahringur

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punkta sem börnin fóru yfir í hittingnum.






Viðkvæm málefni

Vegna þess að þátttakendur koma úr ólíkum áttum, hafa mismunandi þarfir og ólíkar lífssögur geta sum umræðuefni verið viðkvæm.

Til dæmis, sumar æfingar kanna uppruna þátttakenda, þar á meðal menningu, tungumál og fána.

Ef barni finnst það tilheyra fleiri en einni menningu eða á erfitt samband með heimalandið sitt, gætu þessar æfingar verið krefjandi.

Kennari má ákveða að taka æfingu út úr námsefninu ef æfingin gæti verið viðkvæm fyrir börnin í hópnum.



Mikilvægt er að láta börnin skilgreina hvaðan þau eru og hvað þau telja að sé þeirra menning. Til dæmis, þótt barn eigi foreldra sem fæddust í Víetnam, þá gæti barnið talið sig tilheyra íslenskri menningu. Í því tilviki væri mikilvægt að leyfa barninu að velja hvort það vill tákna víetnamska menningu, íslenska menningu eða blöndu af hvoru tveggja.



Kennsluplan

1

Velkomin: kynna verkefnið og kynnst

2

Hópreglur: setja hópreglur og kanna hvað þýðir að vera góður málfari

3

Allt sem við eigum sameiginlegt: pörin vinna saman í fyrsta skipti og kanna sameiginlegan grundvöll

4

Plánetan: ímynda sér heim þar sem allir eru "nýkomnir"

5

Hátíðir: kanna ólíka menningu

6

Tungumál: kanna upplifunina að læra nýtt tungumál

7

Umbreyting: vera skapandi og tala um hæfileika

8

Fullkomið líf: kanna venjur og hvað gerir okkur hamingjusöm

9

Minnispil: leggja orðaforða á minnið á skemmtilegan hátt

10

Fögnun

1

Velkomin

Markmið: kynna verkefnið og kynnast



Kynning

🕒 10 mín

Þjóða öll velkomin. Útskýra að tilgangur verkefnisins er að læra hvernig við getum gert skólann að stað sem börn sem eru að læra íslensku upplifa sig velkomin hjá börnum sem enn eru að læra íslensku og hjálpast að við að læra íslensku. Sumir þátttakendur eru að læra, sumir ætla að hjálpa þeim, en við getum öll lært af hvort öðru. Við ætlum að vera *málfarar* – börn sem kanna önnur tungumál og menningu. Góður vinur og einhver sem hjálpar öðrum að læra tungumálið.

Hægt er að halda þessa kennslu með **öllum börnunum** saman eða hafa **tvo hópa**: einn með börnunum sem eru að læra íslensku og hinn með börnunum sem eru leiðbeinandi. Ef þið eruð með hóp með bara leiðbeinendum, farið yfir hlutverk þeirra og hvað þeir geta gert til að hjálpa börnunum sem þau eru þöruð við.



Ísbrjótur

🕒 10 mín

Börnin standa í hring. Kennarinn byrjar til að sýna hvað á að gera. Hver þátttakandi segir nafnið sitt og hlut sem byrjar á upphafsstafnum.

Td: „Ég heiti **Embla** og ég er **og epli**.“

Þegar öll börnin hafa sagt nöfnin sín, endurtakið æfinguna, en börn þurfa að segja setninguna á öðru tungumáli. Þetta getur verið enska eða önnur tungumál sem þeir tala heima. Orðið þarf líka að vera á því öðru tungumáli.

Td: „**My name is Embla and I'm an elephant.**“

Það er líklegt að sum börn viti ekki hvað þau eiga að segja. Notaðu þetta sem tækifæri til að spyrja hvernig þeim leið þegar þau voru að reyna að læra annað tungumál og endurtaka tilgang Sammála.



Einstaklingsvinna

🕒 15 mín  Málfarabókin

Gefa börnunum málfarabækurnar. Þau fylla út eftir bestu getu fyrstu þrjár blaðsíðurnar, sem geta hjálpað kennurum að para börnin saman:

- Nafnið mitt
- Hvar/hvenær hittumst við
- Áhugamál mín
- Hvaða tungumál tala ég
- Af hverju vilja ég taka þátt

Ef það er tími, mega þau teikna sjálfsmynd á forsíðuna.

Eftir tímann

Kennari parar saman börn sem taka þátt. Hægt að nota spurningarnar sem þau svöruðu í fyrsta tímanum í orðabókinni til að para eftir áhuga/styrkleikum

2

Hópreglur

Markmið: setja hópreglur og kanna hvað þýðir að vera góður málfari



Ísbrjótur: Ósýnilega gjöfin

🕒 10 mín

Börnin standa í hring. Ef börnin þekkjast ekki: hvert barn segir nafnið sitt á eftir öðru áður leikurinn byrjar.

Kennarinn þykist hafa gjöf í höndunum. Það getur verið stór gjöf, lítil gjöf, eitthvað sem þarf að bera, draga, fela í vasanum o.s.frv. Hann gefur gjöfina til eins barns og barnið segir: Takk og nafnið á þeim sem gaf þeim gjöfina.

Td: 'Takk Matias!'

Þá sýnir barnið sem fékk gjöfina hvað gjöfin var (til dæmis: spilar bolta með hana, borðar hana, setur hana á hausinn, ýtir á play o.s.frv.).

Þá er komið að þeim að gefa öðrum ósýnilega gjöf. Leikurinn heldur áfram þar til allir hafa fengið gjöf.



Hóp umræða

🕒 25 mín  Málafarasáttmálinn

Fylla út málafarasáttmálann


- Endurtaka skilgreiningu á málfari:** nemendur sem kanna önnur tungumál og menningu.
- Ræða hvernig er góður málfari. Spyrja til dæmis:** *Hvað gera góðir vinir? Hvernig geta vinir hjálpað öðrum að læra tungumál? Hvernig eru góðir málfarar?* Skrifu svör barnanna á blaðið.
- Klippa út myndir** sem sýna mismunandi hegðun og spyrja: *Hvað má eða má ekki gera? Hvernig viljum við haga okkur svo að öll upplifi sig velkomin? Hvað gerum við ef einhverjum líður illa?*
- Líma myndirnar** á blaðinu undir: "við ætlum að" og "við ætlum ekki að"



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punkta sem börnin fóru yfir í dag.



3

Allt sem við eigum sameiginlegt

Markmið: pörin vinna saman í fyrsta skipti og kanna sameiginlegan grundvöll



Ísbrjótur

🕒 10 mín

Stutt æfing til að kynnst hvort öðru. Málfarar þurfa að finna 5 hluti sem þau eiga sameiginlegt. Hvert barn segir eitt sem því dettur í hug (t.d. við elskum öll ís).

Ef einhver börn eru ósammála þá þarf næsta barn að finna eitthvað annað þangað til það eru 5 á listanum sem öll eiga sameiginlegt.



Vinna í pörum

🕒 25mín  Málfarabókin

Kennarinn setur börnin í pör sem hann hefur ákveðið eftir viku 1.

Orðabókin, mengið: Fá börnin til að segja hvort öðru frá hvaðan þau eru og hvaða tungumál þau tala. Fylla svo inn í mengin og sniðmengið. Skrifa eða teikna 5 hluti sem heimalöndin eiga sameiginlegt í sniðmengið og 5 hluti sem eru ólíkir milli landanna sem börnin eru frá og Íslands (t.d.: matur, skólakerfi, siðir).


Gefa börnunum dæmi um spurningar sem þau geta spurt hvort annað ef þeim finnst erfitt að koma með svör. Ef það er tími mega börnin þýða orðin á bæði tungumál.



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punktar sem börnin fóru yfir í dag.



4

Plánetan

Markmið: ímynda sér heim þar sem allir eru "nýkomnir"



Ísbrjótur

🕒 10 mín

Standa í hring. Hvert barn deilir þremur hlutum sem það myndi taka með sér í ferð út í geim.



Hóp umræða

🕒 25 mín Plánetuplakat

Börnin ímynda sér nýja plánetu.

Markmiðið er að fá börnin til að ímynda sér heim þar sem allir eru "nýkomnir" og setja sig í spor þess að læra alveg nýtt mál og menningu. Það eru fleiri æfingar tengdar þessu seinna í prógramminu. Það er mælt með því að byrja að teikna og mála plánetuna á stórt blað sem hægt verður að bæta við síðar.

Markmiðið er að þau geti sýnt öðrum í skólanum plakatið.

Ný pláneta:

1. Útskýra að við sem málfarar ætlum að kanna og búa til nýja plánetu þar sem engin talar tungumálin sem við tölum.
2. Spurningar til að kveikja umræður: *Hvernig er veðrið? Landslagið? Hvernig menning? Matur, hátíðir, siðir, byggingar - af hverju? Er skóli?*
3. Skrifa og teikna inn á plánetu plakatið.



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punkta sem börnin fóru yfir í dag.

5

Hátíðir

Markmið: kanna ólíka menningu



Ísbrjótur

🕒 15 mín 📖 Hátíðasplakat

Kennarinn sýnir börnunum plakat með mismunandi hátíðum. Hvert barn segir:

Uppáhalds hátíðin mín er... vegna þess að...

Hægt að láta þau benda á plakatið með uppáhalds hátíðinni. Má bæta við fleiri hátíðum sem börnin halda heima hjá sér eða í heimalandinu sínu sem eru ekki á plakatinu.



Vinna í pörum

🕒 25mín 📖 Málfarabókin

Pörin hittast og nota blaðsíðuna í bókinni til að ímynda sér og búa til hátíð fyrir plánetuna sem þau hafa búið til. Þau skrifa og teikna svör við eftirfarandi spurningum:

- Hver er þín uppáhalds hátíð?
- Á hvaða árstíð er hún? Vor, sumar haust eða vetur?
- Hvað borðar og drekkur fólk?
- Hvernig er fólk klætt?
- Hverju er fólk að fagna og hvað gerir það?
Leika, borða, syngja, dansa?



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punktar sem börnin fóru yfir í dag.

Hátíðir 5

Í hverju landi eru hátíðir. Hver er þín uppáhaldshátíð?

Á hvaða árstíð er hátíðin?

vor

sumar

haust

vetur

Er borðað eitthvað sérstakt? Ferðu í einhver sérstök föt?

Hvað gerir þú?

5

6

Tungumál

Markmið: kanna upplifunina á því að læra nýtt tungumál



Ísbrjótur

🕒 10 mín 📖 Plánetuplakat

Við erum öll að fara á plánetuna sem við bjuggum til. Það er eitt vandamál – við tölum ekki tungumálið og við skiljum ekki neitt!

Hvernig segir maður góðan daginn á plánetunni?

Fara hringinn, allir fá að koma með hugmynd.

Hér má búa til ný orð, bulla og blanda saman tungumálum.

Skrifa hugmyndir barnanna á plakatið.



Hópumræða

🕒 25 mín 📖 Plánetuplakat

Umræður:

Hvernig líður fólki sem er að læra nýtt tungumál?

Hvernig er að skilja ekki hvað er að gerast?

En að læra ný orð?

Finna bæði jákvæðar og neikvæðar tilfinningar og spyrja af hverju myndi þeim líða

þannig. Fá börnin til að teikna tilfinningarnar inn á andlitin á plakatinu og skrifa tilfinninguna undir.

Hægt að skrifa á íslensku og fleiri tungumálum

Fleiri umræðupunktur:

Hvernig lærum við tungumál á plánetunni?

Þurfum við að fara í skóla? Tala við geimverur?

Tilgangur: Velta fyrir sér hvernig er að skilja ekki tungumál og setja sig í spor þess sem eru að læra nýtt tungumál.



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punktar sem börnin fóru yfir í dag.



7

Umbreyting

Markmið: vera skapandi og tala um hæfileika



Ísbrjótur

🕒 10 mín

Standa í hring. Hvert barn segir:
'Ef ég væri dýr, væri ég...'

Hvaða tvo ofurhæfileika myndir þú vilja vera með? Gerðu hring.

| | | | | | |
|--------------------|---------------------|-----------------------|-------------------|-------------------------|-------------|
| | | | | | |
| ósýnileiki | ofurheyrn | skilja dýr | tala öll tungumál | geta flogið | geta flogið |
| | | | | | |
| þurfa ekki að sofa | geta flakkað í tíma | geta breytt sér í dýr | lesa hugsanir | geta hoppað milli landa | |

Veldu þér einn aukahlut:

| | | | | | |
|---------|-------|--------|-------|---------|--|
| | | | | | |
| skikkja | gríma | hattur | skott | hanskar | |



Vinna í pörum

🕒 25mín Málfarabókin

Ofurhetjur. Tveir og tveir saman. Fyrst velja allir tvo ofurhæfileika (það má búa til nýja) og aukahluti. Síðan spyrja málfarapörin hvort annað út í hvaða hæfileika þau völdu. Á næstu síðu teikna þau hvort annað sem ofurhetjur.

Ef það er tími mega börnin þýða orðin yfir hæfileika á bæði tungumál.



Lokahringur

🕒 5mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punktar sem börnin fóru yfir í dag.



Fullkomið líf

Markmið: kanna venjur og hvað gerir okkur hamingjusöm



Ísbrjótur

🕒 10 mín

Standa í hring. Hvert barn svarar spurningunni: Ef þú þyrftir að borða sama mat á hverjum degi það sem eftir er ævinnar, hvað væri það?



Hóp umræða eða leikur

🕒 25 mín Plakat

Fullkomni dagurinn okkar

Börnin lýsa fullkomnum degi frá morgni til kvölds á nýju plánetunni. Við leyfum ímyndunaraflinu að ráða, við erum með töfrasprota og allt er mögulegt á fullkomna deginum.

Fara í hring og láta hvert barn svara spurningum eins og:

- *Hvar langar okkur að eyða deginum?*
- *Hvað myndum við gera?*
- *Með hverjum ætlum við að eyða deginum okkar?*
- *Hvað myndum við borða og drekka?*


Myndskreyta eða skrifa svör inn á plakatið, eða nota spjöldin sem fylgja með.



Lokahringur

🕒 5 mín

Öll deila einu orði sem þau lærðu í dag (á hvaða tungumáli sem er) eða kennarinn endurtekur 3 orð eða punktar sem börnin fóru yfir í dag.





Ísbrjótur

🕒 10 mín

Þakklætisæfing

Hér finna börnin einhvern endi á setninguna: *Ég er þakklátt fyrir...*

Gott er að gefa nemendum smá tíma til að hugsa og svo segja allir sína setningu, einn í einu. Skemmtilegt að sitja í hring. Ef það passar betur er hægt að láta hvern nemanda setja sinn „endi“ á töfluna og svo skoðar allur hópurinn afraksturinn saman.

Dæmi:

- *Ég er þakklátt fyrir köttinn minn.*
- *Ég er þakklátur fyrir að búa nálægt skólanum mínum.*
- *Ég er þakklát fyrir að vera heilbrigð.*



Frjáls tími

🕒 20 mín

Kennarinn og börnin geta ákveðið hvernig þau vilja eyða tímann:

- Borða kex og köku
- Leika saman með minnispilinu sem þau bjuggu til / eða fara í Gettu Hver
- Kynna hvað þau eru búin að gera inn í umsjónarbeknum þeirra
- Deila plánetu plakatinu fyrir framan allan skólann og segja nokkur orð um verkefnið



Viðurkenningaskjöl

🕒 10 mín

Málfarar fá viðurkenningarskjöl. Hinir þátttakendurnir klappa eða gefa barninu high-five á leiðinni. Þetta getur annað hvort gerst í hópnum, eða fyrir framan allan skólann ef við á.





Fleiri hugmyndir um leikir og æfingar til að efla fullgildi og vináttu

Mindfulness moments https://www.rescue.org/sites/default/files/2023-08/Mindfulness%20Moments_A5%20Cards_v1.pdf

Jákvæði hugmyndabankinn:

<https://sway.cloud.microsoft/pfbohulPi7ep2aW0?ref=Link>

36 questions to help kids make friends

https://ggia.berkeley.edu/practice/36_questions_to_help_kids_make_friends

Ísbrjótar hugmyndir <https://drive.google.com/file/d/15NEFKAXrdPywTPTm-WirOAU9IFDRZbJ3/view>

Hugmyndir frá sviðlistum

https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2020/06/Tjörninn_Draumasviðið_verkfærakista.pdf